

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 22. júní 2021
UST202106-187/A.Þ.
10.04.03

Efni: Skipulagslýsing - Breyting á aðalskipulagi – Rangárþing ytra – Íbúðarsvæði í Árbæjarhelli og á Ægissíðu

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 15. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar er varðar íbúðarsvæði í Árbæjarhelli og á Ægissíðu.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð breyting felur annars vegar í sér að frístundabyggðin F5, Árbæjarhellir 2, verði breytt í íbúðarbyggð og hins vegar að landbúnaðarsvæði við Ægissíðu á bökkum Ytri-Rangár verði breytt í íbúðarbyggð. Á Ægissíðu og í Árbæjarhelli 2 eru í gildi deiliskipulög sem verða felld úr gildi með nýjum deiliskipulögum.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur